**Kjarasamningur**
**milli**
**Elkem Ísland ehf. annars vegar**
**og**
**Félags iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga, Stéttarfélag Vesturlands, Verkalýðsfélags Akraness og VR hins vegar.**

**1. gr.**

**Samningstími**
Síðast gildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. desember 2025 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Um framlengingu samningsins fer skv. 3. gr. samnings þessa.

**2. gr.**

**Launaákvæði**
Grunnlaun kjarasamnings hækka frá 1. janúar 2025 og verða sem hér segir:

| **Launataxtar** | **Grunnlaun** |
|---|---:|
| Ofngæslumenn | 471.050 kr. |
| Dagmenn | 481.545 kr. |
| Iðnaðarmenn (I) | 565.029 kr. |
| Iðnaðarmenn (II) | 621.531 kr. |
| Fulltrúar á skrifstofu | 531.745 kr. |

Orlofsuppbót árið 2025 verður kr. 308.766.
Desemberuppbót árið 2025 verður kr. 308.766.

Meðalvaktarálag á 5/5 vöktum hækkar úr 37,62% í 38,26% sem innifelur viðbótargreiðslu fyrir rauða daga sem falla frá mánudegi til föstudags.

**3. gr.**

**Framlenging kjarasamnings**

Elkem Ísland ehf. er heimilt, að höfðu samráði við trúnaðarmannaráð og með einhliða yfirlýsingu til stéttarfélaganna, fyrir lok gildistíma kjarasamningsins, að framlengja kjarasamninginn til eins árs í senn, án sérstakrar atkvæðagreiðslu, allt til 31. desember 2028.

<u>Framlenging til 31. desember 2026</u>
Komi til þess að kjarasamningur þessi verði framlengdur frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2026 hækka grunnlaun kjarasamnings 1. janúar 2026 sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað frá september 2024 til september 2025. Uppbætur ársins 2026 hækka með sama hætti og grunnlaun.

Bókanir með kjarasamningi Elkem og stéttarfélaganna dags. 11. april 2025

Aukafrídagar, sem samið var um í kjarasamningi Elkem og stéttarfélaganna dags. 13. febrúar 2020, eru áunnir á grundvelli starfstíma og starfshlutfalls á orlofsári. Elkem mun þó ekki skerða ávinnslu þegar starfsmaður er fjarverandi vegna lögbundins fæðingarorlofs eða í launalausu leyfi sem varir skemur en tvo mánuði á orlofsári. Leiðrétta skal aukafrídaga aftur til janúar 2021.

11. april 2025

| F.h. hlutaðeigandi verkalýðsfélaga | F.h. Elkem Ísland ehf. |
| --- | --- |

Bókanir með kjarasamningi Elkem og stéttarfélaganna dags. 11. april 2025

Aukafrídagar, sem samið var um í kjarasamningi Elkem og stéttarfélaganna dags. 13. febrúar 2020, eru áunnir á grundvelli starfstíma og starfshlutfalls á orlofsári. Elkem mun þó ekki skerða ávinnslu þegar starfsmaður er fjarverandi vegna lögbundins fæðingarorlofs eða í launalausu leyfi sem varir skemur en tvo mánuði á orlofsári. Leiðrétta skal aukafrídaga aftur til janúar 2021.

11. april 2025

F.h. hlutaðeigandi verkalýðsfélaga

F.h. Elkem Ísland ehf.

Bókanir með kjarasamningi Elkem og stéttarfélaganna dags. 11. apríl 2025

Elkem hefur fallist á að hækka viðbótargreiðslu til vaktmanna þegar unnið er á stórhátíðardögum. Greiðsla verður reiknuð sem stórhátíðarkaup að frádregnu yfirvinnukaupi.
Elkem fellst auk þess á að falli dómur í Félagsdómi í máli VLFA geng Norðuráli þannig að reikna beri viðbótargreiðslu sem stórhátíðarkaup að frádregnu dagvinnukaupi þá muni Elkem hlíta þeim dómi.
SA mun ekki nýta þetta samkomulag í fyrirhuguðu máli fyrir Félagsdómi.

11. apríl 2025

| F.h. hlutaðeigandi verkalýðsfélaga | F.h. Elkem Ísland ehf. |
| --- | --- |

Bókun með kjarasamningi Elkem og stéttarfélaganna dags. 11. April 2025

*Elkem Ísland ehf. stendur frammi fyrir endurnýjun á raforkusamningi félagsins. Núverandi samningur rennur út í lok mars 2029 og er félagið ekki með trygga raforku í kjölfar þess tímabils. Því er mikilvægt að hafa sveigjanleika innan gildistíma samningsins ef upp koma aðstæður þar sem ekki semst um raforku eða samkeppnishæfnin vegna raforku er brostin sem kallar í breytingar á skipulagi eða stærðargráðu framleiðslu til að bregðast við aðstæðum. Ef ekki kemur til framlengingar mun Elkem Ísland skila inn rökstuðning til trúnaðarmanna og stéttafélaga.*